

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 336/2022

frá 9. desember 2022

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/914 frá 4. júní 2021 um föst samningsákvæði um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/915 frá 4. júní 2021 um föst samningsákvæði milli ábyrgðaraðila og vinnsluaðila skv. 7. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 og 7. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽²⁾.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 5eu (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/254) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5ev. **32021 D 0914:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/914 frá 4. júní 2021 um föst samningsákvæði um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (Stjtið. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 31).

5ew. **32021 D 0915:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/915 frá 4. júní 2021 um föst samningsákvæði milli ábyrgðaraðila og vinnsluaðila skv. 7. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 og 7. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 (Stjtið. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 18).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 18.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2021/914 og (ESB) 2021/915, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.